

Hafnarfirði 14. desember 2015

Til; Hafnarfjarðarbæjar

Bæjarstjóri, Haraldur L. Haraldsson

Efni: Snjómokstur

Hestamannafélagið Sörli hefur nú fjárfest í snjótönn til að moka reiðgötur félagsins. Hafnarfjarðarbær kom að þessum kaupum með myndarlegum hætti og þakkar stjórn Sörla kærlega fyrir þann stuðning.

Það hefur tíðkast um árabil að Sölri sjái um snjómokstur á reiðgötum sem þjónustu við félagsmenn sína. Það er mjög mikilvægt til að hestamenn komist með hesta sína frá heshúsum og að reiðhöll, þar sem öll kennsla fer fram. Eins og oft vill verða þá njóta fleiri góðs af þessari þjónustu en félagsmenn. Eðli málsins samkvæmt getum við ekki lokað okkar íþrótta- og tómstundasvæði af. Vegna félagafrelsis ræður fólk því sjálft hvort það gengur í hestamannafélagið eða ekki. Margir kjósa að standa utan við félagið og telja að með því að greiða fasteignagjöld af sínum heshúsum á svæðinu eigi það rétt á þessari þjónustu. Einnig eru starfandi á svæðinu fyrirtæki í einkarekstri, t.d. Íshestar, sem jafnframt njóta góðs af þessari þjónustu sem við viljum veita okkar félagsmönnum, bæði snjómokstri og viðhaldi reiðvega.

Stjórn Sörla veltir því fyrir sér hvort að hægt sé að koma á einhverju samkomulagi milli bæjarins og hestamannafélags varðandi snjómokstur. Fyrir rúmu ári síðan kom hluti af stjórn Sörla á fund með bæjarstjóra og rifjaði upp loforð frá fyrri bæjarstjóra um að greiða félaginu fyrir snjómokstur. Við gerum okkur grein fyrir að erfitt er að semja aftur í tímann og efna munnleg loforð annarra. Þess vegna óskum við eftir viðræðum um framtíðarfyrirkomulag snjómoksturs á reiðgötum félagsins.

Viðringarfyllst,

F.h. Stjórnar Hestamannafélagsins Sörla

  
Þórunn Ansnes